

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Starfshópur um nýtingu vindorku  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. september 2022  
Málsnúmer: 202208-0021  
SS

## Efni: Sjónarmið Náttúrufræðistofnunar Íslands um viðfangsefni starfshóps um nýtingu vindorku.

Vísað er í tölvubréf frá starfshópi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem skipaður var til að skoða og gera tillögur til ráðuneytisins um nýtingu vindorku. Tölvupósturinn var sendur þann 23. ágúst 2022 og þar var Náttúrufræðistofnun Íslands beðin um að senda sjónarmið sín um viðfangsefni starfshópsins.

Náttúrufræðistofnun hefur rýnt þau viðfangsefni sem eru tíunduð í tölvubréfinu og vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri. Einungis eru þau viðfangsefni ávörpuð sem tengjast hlutverki og þekkingargrunni Náttúrufræðistofnunar.

### Lagaleg málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku

Náttúrufræðistofnun er fylgjandi því að fjallað sé um vindorkunýtingu á vettvangi rammaáætlunar. Stofnunin veitti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (meðferð virkjunarkosta í vindorku, 709. mál á 151. löggjafarþingi), þann 7. maí 2021. Í umsögninni kom fram að það sé heppilegt að umfjöllun og málsmeðferð sé ekki of ólík því sem tíðkast um vatnsafls- og jarðvarmavirkjunarkosti sem og að mikilvægt sé að tryggja faglega rýni á umhverfisáhrif orkuvinnslunnar. Fyrirkomulag verndar- og orkunýtingaráætlunar þar sem faghópar rýna ólíka þætti og leggja mat á stöðu þekkingar og gæði gagna varðandi ólíka umhverfisþætti tryggir þessa faglega rýni.

Framkvæmd og starfsemi vindorkuvera fylgja margs konar umhverfisáhrif á ýmsa umhverfisþætti og mikilvægt er að góð þekking sé til staðar um alla þætti. Rannsóknir á áhrifum vindorku á náttúru landsins eru skammt á veg komnar á Íslandi og þörf á að bæta úr. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru veigamestu þættirnir þar sem áhrifa gætir yfir stórt svæði og má þar nefna áhrif á fuglalíf vegna áflugshættu þ.m.t. farfugla á farleiðum, ásýndaráhrif á landslag og áhrif vegna mengunar t.d. efna-, hljóð- og ljósmengunar. Aðrir áhrifaþættir eru staðbundnari svo sem rask á gróðri, jarðminjum og búsvæðum dýra vegna byggingar vindmylla og tengdra innviða en geta vegið þungt þar sem verndargildi náttúruminja er hátt og/eða umfang rasks mikið.

Mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda skv. verklagi ákvæða laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana sem og umhverfismat nauðsynlegra skipulagsbreytinga getur vel reynst nægjanlegt til að leggja mat á áhrif vindorku á staðbundnari umhverfisþætti ef nauðsynlegar rannsóknir eru framkvæmdar. Náttúrufræðistofnun telur að til að geta lagt mat á sammögnunaráhrif nokkurra eða margra vindorkuáforma í þeim tilfellum sem áhrifasvæði



þeirra eru stór og jafnvel skarast, sé mjög mikilvægt að geta borið saman áformin heildstætt og í samhengi við aðra nýtingu og landnotkun. Slík rýni er víðtækara verkefni en þegar fjallað er um eina framkvæmd eða eina skipulagsbreytingu í einu. Vettvangur verndar- og orkunýtingaráætlunar býður upp á slíkan samanburð á landsvísu og er því best til þess fallinn að tryggja góða ákvarðanatöku um málefni vindorku á Íslandi miðað við núgildandi lagaumhverfi.

### Staðsetning vindorkuvera

Náttúrufræðistofnun telur grundvallaratriði að stjórnvöld móti skýra stefnu um hvar vindorkuver eigi að vera staðsett í náttúru og landslagi Íslands. Stofnunin veitti umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands (707. mál á 151. löggjafarþingi) þann 7. maí 2021. Í þeirri umsögn er tíunduð afstaða Náttúrufræðistofnunar um hvaða svæði henti alls ekki fyrir uppbyggingu vindorkuvera en það voru þau svæði sem voru tilgreind í flokki 1 í þingsályktunartillögunni þ.e. landsvæði þar sem öll uppbygging vindorkuvera samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, verði óheimil. Í þessum flokki voru öll svæði sem hafa verið friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd og svæði sem njóta friðlýsingar samkvæmt sérlögum, svæði á heimsmínjaskrá UNESCO og svæði sem hafa verið tilnefnd á skrána, Ramsar-svæði, óbyggð víðerni innan marka miðhálandslínu Íslands, svæði á B-hluta náttúrumínjaskrár, brunn- og grannsvæði vatnsverndar og friðlýstar menningarminjar. Náttúrufræðistofnun var eins og áður sagði sammála þessari flokkun í umsögn sinni en benti einnig á að fleiri svæði ættu að falla undir þann flokk m.a. jarðvangar, óbyggð víðerni utan marka miðhálandislínu og svæði á C-hluta náttúrumínjaskrár.

Í þingsályktunartillögunni voru einnig tilgreind svæði sem falla í flokk 2 þ.e. landsvæði sem geta talist viðkvæm með tilliti til hagnýtingar vindorku, en þar sem slík uppbygging getur þó komið til greina samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. [48/2011](#). Um þennan flokk kom Náttúrufræðistofnun með nokkrar ábendingar sem ástæða er til að tíunda hér. Ein var um að skilgreina þyrfti aðferðafræði um hvernig svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 yrðu metin með tilliti til leiðbeininga um staðsetningu vindorku. Önnur ábending varðaði mikilvæg fuglasvæði sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint og kortlagt fyrir landið og er sammála um að teljist mjög viðkvæm svæði með tilliti til hagnýtingar vindorku. Bent var á í umsögninni að hvorki svæði sem um liggja mikilvægar farleiðir né svæði þar sem áflugshætta er metin sem sérstaklega mikil, hafa verið kortlögð til fulls hérlendis og því þyrfti að greina það betur. Færa má rök fyrir því að fuglasvæði af þeim toga ættu að tilheyra flokki 1 þ.e. uppbygging vindorkuvera ætti ekki að vera heimil þar. Er það í takt við t.d. ráðleggingar Birdlife International. Þá var í umsögninni um flokk 2 bent á svæði sem sveitarfélög hafa felld undir hverfisvernd í samræmi við sjöttu málsgrein 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og að tilefni væri að fella svæði sem hafa verið hverfisvernduð vegna náttúrumínja, landslags, útivistarsvæða og menningarminja í flokk 2.

Í ljósi umsagnar Náttúrufræðistofnunar um þingsályktunartillöguna er það skýrt að afstaða stofnunarinnar er sú að mörg svæði á Íslandi henti ekki eða eru viðkvæm fyrir uppbyggingu vindorkuvera vegna gildis þeirra fyrir verndun náttúru þ.m.t. líffræðilegrar fjölbreytni, jarðminja og landslags.

Í umsögn sinni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (meðferð virkjunarkosta í vindorku, 709. mál á 151. löggjafarþingi) lýsti Náttúrufræðistofnun þeirri skoðun sinni að „ef til vill væri betri og einfaldari nálgun að stjórnvöld myndu leggja til heppilegustu staðsetningar fyrir vindorkuver á Íslandi utan svæða náttúruverndar og menningarminja.“ og þá horfa til þess að “staðsetja stærstu vindorkuverin nálægt öðrum virkjanamannvirkjum t.d. vatnsafls- eða jarðvarmavirkjunum á svæðum sem þegar eru röskuð og þar sem hægt er að nýta þá innviði og góðu tengsl við raforkuflutningskerfið sem fyrir eru.” Náttúrufræðistofnun telur enn að þessi nálgun sé heppilegust. Mörg þau áform um vindorkuver sem þegar liggja frammi og sem sum hver eru nú þegar í ferli mats umhverfisáhrifa og/eða breytinga á skipulagi, eru ekki á slíkum stöðum og í sumum tilfellum innan svæða að öllu eða hluta sem Náttúrufræðistofnun telur alls ekki heppileg vegna áhrifa á viðkvæma og verðmæta náttúru.

### Grundvöllur ákvarðanatöku

Náttúrufræðistofnun Íslands er opinber stofnun á sviði rannsókna og vöktunar á íslenskri náttúru og býr yfir auðugum og mikilvægum þekkingargrunni um mörg þau viðfangsefni sem hér hefur verið minnst á. Þar ber sérstaklega að nefna upplýsingar um fugla, jarðminjar og gróðurfar. Stofnunin hefur oft og reglulega veitt upplýsingar og ráðgjöf til stjórnvalda og hagsmunaaðila um áhrif nýtingar vindorku á náttúru landsins og hvernig best sé að meta þau.


Við stefnumótun og ákvarðanatöku um hvar vindorkuver eigi best heima og hvernig vindorkuver sé heppilegast hverju sinni (stærð og fjöldi vindmylla, staðsetning innan svæðis, aðrir innviðir o.fl.) skiptir höfuðmáli að mati Náttúrufræðistofnunar að upplýsingar um staðsetningu, umfang, verndargildi, verndarstöðu, viðkvæmni og aðlögunarhæfni helstu umhverfisþátta sem verða fyrir áhrifum af uppbyggingu vindorkuvera séu til staðar, byggist á vísindalegum gögnum og þær notaðar til gagns.

Náttúrufræðistofnun er reiðubúin til frekara samtals við starfshópinn ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Eydís Línal Finnboadóttir  
Forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs